

Alþingi
Erindi nr. P 138/2055
komudagur 7.5.2010

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

5. maí 2010

Sent í tölvupósti og bréfaþósti

Allsherjarnefnd
berist Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar tölvupóst nefndarinnar frá 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar okkar um frumvarp til hjúskaparlaga, 485. mál. Ráðið er þakklátt fyrir að fá tækifæri til umsagnar um málið þótt frestur til að skila umsögninni sé bagalega – og raunar sérkennilega skammur.

Eins og áður hefur komið fram í fyrri umsögnum andlega þjóðarráðsins um svipuð mál hafa bahá'íar ekki löngun til að þvinga sjónarmið sín eða siðgildi upp á aðra og því setjum við okkur ekki upp á móti því að einstaklingar af sama kyni geti hlotið hjónavígslu í borgaralegri athöfn eða hjá þeim trúfélögum sem óska að standa þannig að málum.

Við hljótum hins vegar að gera kröfu um að sjónarmiðum okkar sé sýndur sami skilningur. Bahá'íar líta ekki á hjónabandið sem eingöngu veraldlega stofnun heldur heilagan sáttmála milli karls og konu og telja það hinn eina lögmæta og viðeigandi farveg kynlífs. Í bahá'í ritum segir:

„Raunverulegt bahá'í hjónaband er að eiginmaður og eiginkona sameinist bæði líkamlega og andlega, bæti ávallt andlegt líf hvort annars og njóti eilífrar tengingar í öllum veröldum Guðs.“

Hjónaband tveggja einstaklinga af sama kyni samræmist ekki bahá'í trúarkeningum. Bahá'íar hafna frjálsum ástum og óvígðri sambúð og telja að kynlíf utan hjónabands leiði ekki til farsældar.

Í ljósi trúfrelsis skiptir því höfuðmáli hvort trúfélög hafi heimild til – eða hvort þeim sé skylt – að vígja fólk af sama kyni í hjónaband. Í athugasemdum við frumvarpið er komið inn á 22. grein gildandi hjúskaparlaga þar sem segir m.a.: *Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum biskups, sett reglur um hvenær prestum sé skylt að framkvæma hjónavígslu og nánari reglur um hvenær þeim sé þetta heimilt.* Tekið er fram að ekki þyki ástæða til að leggja til breytingar um þessi atriði en hvetja megí til þess að ráðuneytið skoði að höfðu samráði við biskup og jafnvel fleiri hvort ástæða sé til að setja nánari reglur á grundvelli greinarinnar.

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Hér er ekki mjög skýrt komist að orði og því óljóst í hvaða tilvikum aðstandendur frumvarpsins óska eftir að um skyldu verði að ræða eða í hvaða tilvikum það kæmi yfir höfuð til greina. Það má því vissulega til sanns vegar færa að þetta atriði þurfi að skýra en eindregið er varað við þvingunaraðgerðum í garð trúfélaga í þessu efni. Opin heimild til handa ráðuneyti án frekari aðkomu löggjafans kann því að hafa verið misráðin.

Líkt og í fyrri umsögnum hörmum við þá þröngu sýn löggjafans á trú og trúfélög sem birtist í orðfæri flestra lagatexta um slík mál þ.á.m. í þessu frumvarpi og skýringum með því. Íðulega er talað um kirkju án þess að ljóst sé hvort átt sé við þjóðkirkjuna eina, fleiri kristna söfnuði eða jafnvel trúfélög almennt. Meðal annars er talað um kirkjulega vígslumenn og má ætla að þar sé átt við fleiri aðila en presta.


Nú er það svo að í bahá'í trúnni fara einstaklingar ekki með slíkt hlutverk heldur kjörin ráð. Hjónavígslan er fólgin í hjónabandsheitum viðkomandi pars en er ekki framkvæmd af þriðja aðila. Þrátt fyrir að í trúfrelsi felist réttur til að iðka trú sína hafa bahá'íar þurft að lúta lögum sem gera ráð fyrir að eingöngu einstaklingar geti borið ábyrgð á hjónavígslum. Bahá'í samfélagið hefur því þurft, í bága við lög bahá'í trúarinnar sjálfrar að útnefna forstöðumenn til að fullnægja kröfum íslenskra yfirvalda. Það fyrirkomulag er óviðunandi til lengdar og var á sínum tíma talað um sem ráðstöfun til bráðabirgða enda væri hægur vandi að hnika orðalagi þannig að t.d. væri talað um vígsluaðila frekar en vígslumenn – og þannig væri á auðveldan hátt komið til móts við ólíka innri uppbyggingu trúfélaga.

Í athugasemdum frumvarpsins er einnig áréttað að spurningar um vígsluheimild og vígsluskyldu snerti fyrst og fremst einstaka vígslumenn. Eins og fyrr segir ættu bahá'í ráð en ekki einstaklingar að staðfesta við yfirvöld þær hjónavígslur sem fram fara í bahá'í samfélaginu en í þessari framsetningu athugasemdana vekur þó sérstaka athygli að aðstandendur frumvarpsins virðast ekki gera sér grein fyrir að trúfélög byggji starf sitt á lögum og trúarkeningum sem ekki eru smekksatriði einstakra starfsmanna trúfélagsins.

Enn virðist því full ástæða til að áréttað að trúfrelsi felst ekki aðeins í því að hafa trúarskoðanir fyrir sig – mega blóta á laun – heldur í því að fá að iðka trú sína. Slíkt frelsi ætti ekki aðeins að ná til einstaklinga heldur einnig þess að trúfélög fái að starfa í samræmi við þau trúarbrögð sem þeim er ætlað að þjóna.

Með bestu kveðjum,

f.h. Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi



Ingibjörg Daniëlsdóttir ritari